

FORSÆTISNEFND 3. september 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um framsetningu lista fyrir móttökur - R18100244

Flokkur fólksins þakkar svarið og leggur til í framhaldi að í hvert skipti sem boðið er til móttöku að fram komi tilefnið og hvernig það þjóni hagsmunum Reykjavíkurborgar og Reykvíkinga og/eða samræmist hlutverki Reykjavíkur sem höfuðborgar og hvernig það sé í samræmi við samþykktu stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Ennfremur er óskað eftir þegar boðið er til móttöku að fram komi upplýsingar um áætlaðan kostnað og fljótlega eftir að viðburði líkur eða í næsta yfirliti sem lagt er fram komi þá endanlegur kostnaður vegna sérhverrar móttöku.